


Foreldrafélag Hofsstaðaskóla

Aðalfundur 30.maí 2007



Skýrsla stjórnar

Á aðalfundi í lok maí 2006 bauð Svava Garðarsdóttir sig ný fram í stjórn foreldrafélagsins og til áframhaldandi setu buðu Brynja Laxdal, Guðrún Gerður Steindórsdóttir, Guðrún Rósa Sigurðardóttir og Kristbjörg Ágústsdóttir. Í október 2006 kom Stella Stefánsdóttir ný inn.

Stjórnarfundir:

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Kristbjörg Ágústsdóttir, formaður og gjaldkeri

Svava Garðarsdóttir, varaformaður

Brynja Laxdal, ritari

Guðrún Gerður Steindórsdóttir, meðstjórnandi

Guðrún Rósa Sigurðardóttir, meðstjórnandi

Stella Stefánsdóttir, meðstjórnandi

Haldnir voru 10 stjórnarfundir í vetur þar sem farið var í ýmis mál og uppákomur skipulagðar. Fyrsti fundurinn var haldinn 25. ágúst þar sem lögð voru drög að starfsemi vetrarins. Fundargerðir má finna á heimasíðu foreldrafélagsins.

Aðrir fundir:

Kynningarfundur fyrir foreldra nemenda í 1.bekk var í september og þá voru kosnir bekkjarfulltrúar í þeim árgangi. Var foreldrafélagið kynnt og farið yfir hlutverk þess. Stjórnarmenn sátu námsefniskynningar með foreldrum um miðjan september þar sem kynnt var starfsemi foreldrafélagsins og sérstök áhersla lögð á foreldrasamningana.

Tveir fulltrúaráðsfundir með bekkjarfulltrúum voru haldnir á skólaárinu, einn á haustönn og einn á vorönn. Farið var yfir bekkjarstarfið og málefni sem snerta skólastarfið til að mynda matarmálin, breyting á reglum skólans varðandi hjólreiðar og staðsetning battavallar. Að auki var tölvupóstur notaður sem upplýsingaleið.

Samráðsfundir foreldrafélags, foreldraráðs, skólastjórnenda og kennararáðs voru tveir á þessum vetri, einn á haustönn og einn á vorönn. Var meðal annars fjallað um matarmál, vinaleiðina, eineltismál og lóðamál svo eitthvað sé nefnt.

Svæðaráð foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Garðabæjar héldu mánaðarlega fundi í vetur, en í því sitja formenn félagana. Þessi vettvangur hefur reynst mjög heillavænlegur og hefur styrkt til muna stöðu foreldra barna í Garðabæ og á eftir að vera sameiginleg rödd okkar í náinni framtíð.

Einnig voru fundir með deildarstjórum og skólayfirvöldum vegna sérstakra málefna.

Í vetur var kosið í tvær nefndir: vorfagnaðarnefnd og laufabrauðsnefnd. Ákveðið var að fækka nefndum í vetur bæði þar sem erfitt er að fá fólk til setu í nefndum en að auki var talið að sumar nefndir væru óþarfar að sinni.

Bekktjarfulltrúar:

Foreldrafélagið sér um að kosnir séu a.m.k. tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að halda utan um félagsstarf bekkjarins í samvinnu við kennara auk þess að aðstoða foreldrafélagið við framkvæmd ýmissa viðburða eins og

vorfagnaðar. Hlutverk bekkjarfulltrúa er mjög mikilvægt og öflugt bekkjarstarf skilar sér meðal annars í betri líðan nemenda í skólanum og góðu samstarfi heimila og skóla. Hver bekkur hefur í sinni vörslu upplýsingaritið “Foreldrabankann” sem Heimili og skóli gefur út. Mappan er afhent bekkjarfulltrúum í 1. bekk og fylgir hún svo bekknum í gegnum skólagönguna og endar á bókasafni skólans. Þar er hægt að safna saman upplýsingum og myndum um bekkjarstarf hvers vetrar.

Þann 20. september var haldin kynning fyrir bekkjarfulltrúa og stjórnarmenn í foreldrafélögum og foreldraráðum í grunnskólum Garðabæjar. Kynningin var frá Heimili og Skóla og var það Helga Margrét Guðmundsdóttir sem stýrði. Í vetur voru starfandi 40 bekkjarfulltrúar og þakkar stjórnin þeim samstarfið og fyrir vel unnin störf.

Félagsstarf:

Laufabrauðsdagur var haldinn 25. nóvember og mætti fjöldi nemenda ásamt fjölskyldum. Steiktar voru yfir 1300 laufabrauðskökur og gekk dagurinn í alla staði vel fyrir sig. Á laufabrauðsdag var borð með jólapappír þar sem hægt var að pakka inn gjöfum og fór foreldrafélagið svo með pakkana undir jólatré Mæðrastyrksnefndar í Kringlunni.

Þann 7. mars var haldinn sameiginlegur fræðslufundur með öllum foreldrafélögum grunnskóla Garðabæjar í félagsheimili Vídalínskirkju. Umræðuefni fundarins var “*Litbrigði fjölskyldna*” þar sem fjallað var um fjölbreytileika fjölskyldugerðar nútímans. Fyrirlesarar voru Össur Skarphéðinsson, Edda Rósa Gunnarsdóttir, Felix Bergsson, Valgerður Halldórsdóttir og Edda Ólafsdóttir. Fundurinn var ágætlega sóttur en talið var að um 50 foreldrar hafi mætt. Forvarnarnefnd Garðabæjar styrkti verkefnið og safnaðarheimili Vídalínskirkju lagði til húsnæði og kaffiástöðu og þakkar foreldrafélagið þessum aðilum stuðninginn.

Staðið var fyrir leikhússýningu í nóvember á Sitji Guðs Engla í Þjóðleikhúsinu.

Vorfagnaður Hofsstaðaskóla verður þetta árið breytt í afmælishátíð sem haldin verður laugardaginn 1. september í samstarfi við skólann en þá er Hofsstaðaskóli 30. ára. Til stendur að hafa veglega hátíð með þátttöku nemenda, starfsfólks og foreldra.

Sérstaklega gott samstarf hefur verið við stjórn foreldraráðs Hofsstaðaskóla en í vetur var Svava Garðarsdóttir varaformaður foreldrafélagsins einnig varaformaður foreldraráðs og tók um miðjan vetur við sem formaður foreldraráðs. Sameiginlega hefur verið þrýst á um ýmis málefni er varða velferð nemenda.

Foreldrafélagið kom að uppákomum í skólanum í samstarfi við hann. Á jólaskemmtun yngri deilda skipulagði félagið komu jólasveinsins og á öskudag greiddi það fyrir diskótekið Dísu. Einnig sá stjórn foreldrafélagsins um val á ljósmyndara í bekkjarmyndatökum.

Gefin voru út tvö fréttabréf í vetur, bæði á haustönn.

Ýmsar upplýsingar er að finna á heimasíðu foreldrafélagsins til dæmis fréttabréf og handbók foreldrafélags og foreldraráðs.

Lokaorð:

Vorið er komið og grundirnar gróa og enn á ný stöldrum við við og lýtum yfir starfsemi vetrarins. Veturinn hefur verið viðburðaríkur í skólanum og það sem ber hæst er mikil framför í matarmálum nemenda og nýir skólastjórnendur.

Hjá foreldrafélaginu hefur veturinn verið hefðbundinn þótt aðeins meira hafi borið á "hitamálum" nú en áður og er ég þá að vísa í hjólreiðamálefni, vinaleiðina og nú síðast skólalóðina og staðsetningu battavallar. Áhersla var lögð á að koma á ferlum og samræmdum viðmiðum fyrir félagsstarfið sem er aðgengilegt í handbókinni. Metnaður var lagður í val á ljósmyndara fyrir myndatöku vetrarins en vilji var að hafa óhefðbundna útfærslu þar sem myndir yrðu t.d. teknar úti lausar við stífa uppstillingu.

Í Svæðaráðinu þar sem formenn foreldrafélaga og foreldraráða Garðabæjar hittast reglulega var sérstök áhersla lögð á matarmálin og horfir til betri vegar í þeim málum.

Í byrjun árs lýsti foreldrafélag Flataskóla yfir miklum vilja til að taka skólafatnaðinn á næsta stig. Fengu þau tilboð frá nokkrum framleiðendum og eftir samráðsfund foreldrafélaga Flataskóla, Sjálandsskóla og Hofstaðaskóla var ákveðið að velja henson galla sem næsta skref. Fyrsta pöntunarferli fór af stað í lok apríl í Flataskóla og mun vera ánægja með gallana.

Nokkur umræða hefur verið hjá stjórninni um hvort sú vinna sem verið er að leggja í foreldrarstarfið sé að skila sér. Eru foreldrar til að mynda að lesa fréttablaðið eða heimasíðuna? Á foreldrafélagið að taka meiri þátt í skólastarfinu? Markmið félagsins samkvæmt lögum þess er að:

- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Til að ná þessum markmiðum eru bekkjarfulltrúarnir mikilvægir og því áriðandi fyrir foreldrafélagið að styðja þá í sínu hlutverki. Mjög mismunandi er milli bekkja hversu viljugir foreldrar eru til þátttöku en einnig er mismunandi hversu viljugir kennarar eru hvernig þeir styðja bekkjarfulltrúana í sínu starfi. Það er mjög mikilvægt að allir aðilar skilji mikilvægi öflugis bekkjarstarfs og þar liggur okkar hlutverk. Það er jú ein öflugasta forvörn að foreldrar þekki foreldra.

Að lokum þökkum við foreldraráðinu og bekkjarfulltrúum fyrir samstarfið í vetur. Einnig starfsfólki skólans en þar vil ég nefna sérstaklega Gunnar húsvörð, Ludy ritara og Elísabetu Benónýsdóttir. Hilmar Ingólfsson fær sérstakar þakkir fyrir líflegt samstarf og óskum við honum velfarnaðar.

Garðabær, 30. maí 2007

fyrir hönd stjórnar foreldrafélagsins
Kristbjörg Ágústsdóttir,
formaður foreldrafélagsins